

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 595, 8. ágúst 2003,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2003/2004.**

1. gr.

Við 8. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Um heimild til veiða umfram aflamark í einstökum botnfisktegundum, sem skerðir aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega, gildir 1. mgr. 10. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Sú takmörkun í 2. málslíð 10. gr. að heimildin í hverri botnfisktegund skuli miðast við 2% af heildaraflaverðmæti botnfisksaflamarks gildir þó ekki við veiðar á löngu og keilu.

2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, sbr. ákvæði í 2. gr. breytingarlaga nr. 147, 20. desember 2003 til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. janúar 2004.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.